



# PÉSI

32. ÁRGANGUR | 374 TBL. NÓVEMBER 2022

## Athugið!

Næsta Pésa verður dreift  
**6.-7. desember.** Efni þarf að  
berast fyrir **28. nóvember.**

## Kardimommubærinn á árshátíð

Litskrúðugur hópur íbúa Kardi-mommubæjar lék og söng af mikilli snilli í Félagsheimilinu þegar nem-endur í 1.- 7. bekk Flúðaskóla héldu árshátíð sína með glæsibrag og settu þar upp þetta heimsþekktá leikrit Thorbjörns Egner.



Sýndu hinir ungu leikarar afar góð tilþrif og það var gaman að sjá þennan stóra flotta hóp standa sig jafn vel og raun bar vitni. Þúsund þakkir til ykkar allra fyrir skemmtilega stund.

## Vel heppnuð hrútasýning

Fjölmenni sótti vel heppnaða hrútasýningu sem Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hélt laugardaginn 15. október sl. í Reiðhöllinni á Flúðum. Tólf bæir í sveitinni tóku þátt en keppt var í hinum ýmsu flokkum. Hefur niðurstöðum verið gerð skil á öðrum vettvangi.

Gestir sýningarinnar fengu einnig að taka þátt, bæði í þukli, með kosningu á fallægustu gimbrinni en einnig í kindabingóí en þátttaka þar var mun meiri en búist hafði verið við. Það kom loks í hlut „íhaldsmanns“ síðustu hrútasýningar, Unnsteins Hermannssonar í Langholtskoti, að útnefna arftaka sinn. Hann valdi Óskar Snorra Óskarsson, frá Hruna, „íhaldsmann sýningarinnar“ eftir elju og dugnað við að halda lömbum af öllum stærðum og gerðum undir dóm.



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir ([aldis@fludir.is](mailto:aldis@fludir.is))

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir ([svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is))

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

Sími 480 6600

[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)

# Pistill sveitarstjóra

Í nóvemberskýrslu Þjóðskrár kemur fram að íbúum hefur fjölgað í Hrunamannahreppi um 45 frá 1. desember 2021 en íbúar eru nú 873 talsins. Nemur fjölgunin 5,4% á ársgrundvelli sem er vel yfir landsmeðaltali sem er um 2,5% á sama tímabili. Ekki er ólíklegt að þessi þróun muni halda áfram þar sem framundan er tímabil uppbyggingar í sveitarfélaginu.



## Framkvæmdir hefjast

Nú eru hafnar framkvæmdir á íbúðalóðum við Birkihlíð og fleirum hefur verið úthlutað. Þar er enn óúthlutað nokkrum lóðum fyrir verslun og þjónustu sem ætti að vera freistandi fyrir athafnasama einstaklinga og fyrirtæki að skoða nánar.

Gröfutækni ehf átti hagstæðasta tilboðið í gatnagerð fyrsta áfanga Byggða á Brikum kr. 172.852.200. Var tilboðið um 94% af kostnaðar-áætlun (kr. 184.619.350,-). Munu framkvæmdir á svæðinu hefjast fljótlega. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki sumarið 2023 en að lóðir verði byggingahæfar á vormánuðum. Með framkvæmdum á Byggð á Brikum er hafin stærsta uppbygging íbúðabyggðar sem nokkurn tíma hefur verið ráðist út í sveitarfélaginu.


## Ný heimasíða, enn betri þjónusta

Sveitarstjórn hefur samþykkt að ráðist verði í gerð nýrrar heimasíðu fyrir sveitarfélagið sem betur getur uppfyllt kröfur um góða og skilvirka upplýsingagjöf. Hefur verið samið við fyrirtækið Stefnu ehf um gerð heimasíðunnar en það fyrirtæki hefur unnið með fjölmörgum sveitarfélögum undanfarin ár og þekkir því vel hvað þarf að gera til að vel takist til.

Í stækkandi samfélagi þar sem fjölmargt er framundan er mikilvægt að í sífellu sé skoðað hvar við erum að standa okkur vel, hverjir eru styrkleikar okkar, hvað við getum gert betur og hvað megi bæta. Í því skyni hefur verið ákveðið að leita til KPMG og óska eftir úttekki á eignasjóði, áhaldahúsi, veitum og framkvæmdasviði. Á þessum sviðum starfa afar dugmiklir einstaklingar sem bera hag sveitarfélagsins fyrir brjósti og því er mikilvægt að hlúð sé að þeim mannauði með eins góðum hætti og kostur er.

Að lokum er rétt að minna á fjölbreytt tækifæri til afþreyingar og ræktunar líkama og sálar í sveitarfélaginu. Félagsheimilið okkar iðar af lífi frá morgni til kvölds og það gera íþróttamannvirkin einnig. Framundan er síðan aðventan með tilheyrandi samkomum. Munum að njóta daganna og alls þess sem er í boði. Þannig verður lífið enn skemmtilegra.

*Aldís Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri*



# TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingar-  
leyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

## HUGMYND

Högnastíg 14, 845 Flúðir - flight@simnet.is - Sími 699 0757

## Opið Fimmtudaga - Sunnudaga

12:00-17:00

Litla Bændabúðin

Melum



## REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Ólíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!



**LANDSTÓLPI**

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
☎ 480 5610

🌐 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
✉ [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)

# Forsætisráðherra í heimsókn

Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, heimsótti Hrunamannahrepp nýlega. Heimsótti hún grunnskólann og hitti fulltrúa sveitarstjórnar á stuttum fundi áður en haldið var í heimsókn í fyrirtækin LímtréVírnet og Flúðasveppi.

Var henni hvarvetna vel tekið og hafði hún að sögn bæði gagn og gaman af heimsókninni.

Á meðfylgjandi mynd má sjá að forsætisráðherra var afar heilluð af afurðum heimamanna.



# Miðfellshlaupið 2022

Miðfellshlaupið fór fram í annað sinn þann 28. maí sl. Það heppnaðist einstaklega vel og fór fram í sól og blíðu. Góð þátttaka var og tóku bæði börn og full-orðnir þátt, en hægt var að velja um 3., 5., eða 10 km. göngu/hlaup. Að þessu sinni rann allur ágóði af hlaupinu til Kvennaathvarfsins og söfnuðust 252.000 kr. sem munu nýtast vel í því margbættu og góða starfi sem athvarfið sinnir. Þau Arnfríður Jóhannsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Gunnar Gunnarsson hafa haft veg og vanda að Miðfellshlaupinu og afhentu þau framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, Lindu Dröfn Gunnarsdóttur styrkinn, nú á haustdögum.



Vilja aðstandendur hlaupsins nota tækifærið og þakka öllum sem tóku þátt, styrktu hlaupið með einum eða öðrum hætti eða aðstoðuðu við framkvæmdina kærlega fyrir. Án ykkar væri þetta ekki hægt. Að lokum viljum við hvetja alla til að hreyfa sig reglulega og vonumst við til að sjá ykkur sem flest í Miðfells-hlaupinu næsta vor en áætlað er að það fari fram laugardaginn 3. júní 2023.

# STYRKTARTÓNLEIKAR FYRIR EINSTÖK BÖRN

**Félagsheimilinu Flúðum 11. nóv. kl. 20:30**

Fram koma einsöngvarar, G-G, L-L, Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna, Vörðukórinn og Sönghópurinn Þrusk. Stjórnendur eru Eyrún Jónasdóttir og Stefán Þorleifsson.

Öll ljóð sem flutt verða eru eftir Möggu S. Brynjólfsdóttur við lög eftir Stefán Þorleifsson og Möggu sem jafnframt er kynnrir og umsjónarmaður kvöldsins.

Aðgangseyrir er 3.000 kr. en einnig er tekið við frjálsum framlögum.



## Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið ([www.rafbokasafnid.is](http://www.rafbokasafnid.is)) er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa.

Vanti þig númerið á bókasafnskortinu þínu getur þú haft samband með því að senda tölvupóst á netfangið [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) eða senda skilaboð í gegnum facebook-síðu safnsins.



Bókasafnið er opið:

Þriðjudaga	Kl. 19-20
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18
Föstudaga	Kl. 12-14

### BÓKASAFN HRUNAMANNA

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook

[bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) - <http://bokasafn.fludir.is/>




# Munið að sækja um Hvatastyrkinn

Hvatastyrkir hafa að markmiði að auðvelda börnum og ungmennum úr Hrunamannahreppi að taka þátt í íþróttá-, lista- og tómskundastarfi. Er greiðslunum ætlað að greiða niður æfinga- eða þátttökugjöld barna á aldrinum 6-16 ára og auðvelda foreldrum/forráðamönnum þeirra að gera þeim kleift að stunda skipulagðar og fjölbreyttar tómsundur.

Hvatagreiðslur geta orðið 15.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 30.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling. Upphæð styrks getur ekki orðið hærri en sem nemur æfinga/þátttökugjaldi viðkomandi íþróttá- eða tómskundagreinar. Hvatastyrki er ekki heimilt að færa á milli ára og fellur hann niður sé ekki um hann sótt á því ári sem iðkun fer fram á.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt kvittun fyrir greiðslu gjalds til skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 1. desember fyrir haustönn 2022.



## Baggamunur

*Bókhalds- og skattþjónusta*

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is) - [s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)



## Hjörleifur Ólafsson

*Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki*

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
[fossi@fossi.is](mailto:fossi@fossi.is)

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi. Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er. Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

# Sveitarstjórn heimsótti stofnanir

Vinna að fjárhagsáætluna Hrunamannahrepps árið 2023 er nú í fullum gangi.

Til undirbúnings þeirri vinnu heimsótti sveitarstjórn ásamt skrifstofustjóra og sveitarstjóra stofnanir sveitarfélagsins.

Þar gafst forstöðumönnum tækifæri til að kynna starfsemi viðkomandi stofnunar og koma með tillögur að því sem betur mætti fara

bæði hvað varðar umgjörð og húsnæði sem og hvað varðar starfsemi. Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn þegar hann heimsótti sundlaugina.



## Fréttir frá Flúðaskóla í umsjá 6. og 7. bekkjar

Ólympíuskólahlaupið var haldið þann 6. október. Allir nemendur tóku þátt. Það er hægt að hlaupa 2,5 km, 5 km og 10 km. Það er mjög gaman og maður verður mjög þreyttur.

10. október kom forsætisráðherrann og hún heitir Katrín Jakobsdóttir.

Hún skoðaði skólann og talaði við

marga nemendur. Það var gaman. Hún hitti 7. bekk sem var frammi á gangi að lesa texta saman í íslensku og svo hitti hún 6. bekk sem var líka í íslensku. Hún sagði okkur að í grunnskóla lærðum við grunninn að mörgu en eftir 10. bekk gætum við farið að ráða meira hvað við viljum læra. Hún sagði okkur líka að hún hefði orðið stressuð í Kappsmál þættinum og hún gæti í alvöru meira í íslensku en hún gat í þættinum

Bleiki dagurinn er haldinn 14. október til stuðnings konum sem greinst hafa með krabbamein. Þá máttu allir mæta í einhverju bleiku af því að það er krabbameinsdagur og við sýnum stuðning og viljum styrkja konur sem hafa, og eru með krabba.

Á hverju hausti er haldin árshátíð í Flúðaskóla. Þá æfa krakkar á yngsta og miðstigi texta af völdu leikriti sem kennararnir velja. Í ár setjum við upp Kardemommubæinn. Um það verður fjallað betur í næsta Pésa





# LYFJA SELFOSSI ÚTIBÚ LAUGARÁSI

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

**OPIÐ**

10-16 mán - fim  
Lokað fös - sun



Pésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.

Endilega ekki hika við að hafa samband og kannið möguleikana.

Sendið efni og auglýsingar á [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)



## Sorphirðudagatal

### NÓVEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

### DESEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31



PAPPIR

PAPIER



PLASTUMBÚÐIR

PLASTIC PACKAGING  
OPAKOVANNA PASTROJKE



MATARLEIFAR

FOOD WASTE  
ODPADY ZYWNOŚCIOWE



BLANDAÐUR  
ÚRGANGUR

MIXED WASTE  
ODPADY ZMIESZANE



MATARLEIFAR

FOOD WASTE  
ODPADY ZYWNOŚCIOWE

Blandaður pappír og plast úrgangur.  
Lífúrgangur eingöngu.

Blandaður úrgangur  
Tekið samhlíða lífrúplast.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499

**BÍLAVERKSTÆÐI**



**OPIÐ KL. 8:00-17:00**

## **FÓTAÆÐGERÐASTOFA ÖDDU SIGGU**

*Miðfelli 2a*

Opið alla virka daga kl. 8-16.

Tímamantanir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



## **Nudd - Bowen - Massage**

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen-meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabók-anir eru í gegnum síma eða á Facebook-síðu. Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.

*Now it's available to get massage and Bowen treatment in Reykholt Sports Center (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my Facebook page.*

**Nils Guðjónsson**

*Bowen tæknir*

Sími / Tel.: 897 6944  
nilsgudjon@gmail.com  
facebook.com/NG ehf





## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufæðingur*

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.

## SKRIFSTOFA HRUNAMANNAHREPPS

### Opnunartímar:

Mánudaga til fimmtudaga: Kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: Kl. 09:00-12:00

Sími 480 6600 - [fludir.is](http://fludir.is) - [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



## Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum

Opnunartíminn verður frá kl. 13 til 18 á mánudögum, miðvikudögum,  
föstudögum og laugardögum. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið  
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa  
samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis er 835 1355.

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

## Íþróttahúsið Flúðum

### Opnartími tækjasal:

Mánudaga - fimmtudaga kl. 16:00 – 21:30.  
Morgunopnun þriðjudaga kl. 6:00 – 9:00.  
Föstudaga kl. 13:00 – 18:00.

Það verður opið einhverjar helgar þegar mót eru í húsinu, við munum auglýsa það á Facebook-síðunni „Íþróttahúsið Flúðum“.

Árskort sem gilda í sundlauginu, íþróttatækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr. Minnum á að hjá flestum stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

## Sundlaugin Flúðum

### Opnartími:

Mán.- mið. og fös. kl. 16:00 – 20:30  
Á fimmtudögum eingöngu kl. 6:00 – 9:00.  
Laugardag og sunnudag kl. 13:00 - 18:00

## FÉLAG ELDRI HRUNAMANNA

### STUNDASKRÁ HAUST 2022

#### Mánudagar

10:30 - Leikfimi í íþróttahúsi

#### Þriðjudagar

10:15 - Íslendingasögur

13:00 - Kjallari í Heimalandi

#### Miðvikudagar

15:30 - Sundleikfimi (Sundlaug opnar kl. 15)

#### Fimmtudagar

11:00 - Bókmenntaklúbbur

(Ath. einu sinni í mánuði - byrjar 20. okt.)

14:00 - Ath. í nóvember bjóða

Heilsuefandi Uppsveitir upp á opinn tíma í leikfimi (átaksverkefni)